

## Uppskrift að leikdeigi

- HVEITI  2 BOLLAR
- SALT  1 BOLLI
- VATN  TÆPIR 2 BOLLAR
- OLÍA  2 SKEIÐAR

Þurrefnin sett í skál og síðan er olíu og vatni bætt úti smátt og smátt. Sett á borð og hnoðað. Þegar búið er til hitað leikdeig er bætt út í 2 msk. cream of Tartar og síðan er öllu blandað saman og hitað við vægan hita í smá stund. Hnoðað.

Enn fleiri hugmyndir að vinnu með leir:

- Gaman getur verið að nýta leirinn til þess að segja sögur. Þá geta börnin t.d. búið til persónur úr þekktum ævintýrum og sagt ævintýrin um leið og þau leika með leirinn. Einnig getum við nýtt leirinn til að búa til stafi og orð um leið og við kennum nýjan orðaforða
- Sniðugt er að blanda ýmiskonar efnum í leirinn t.d. matarlit, litadufti, glimmeri, hrísgrjónum, sandi, möl eða öðru. Einnig er hægt að setja lyktarefni í leirinn t.d. piparmyntu eða kanil.
- Búið til ólíka áferð á leirnum með því að þrýsta misgrófum efnum ofan í leirinn, blúndu, skeljum, steinum áhöldum eða formum
- Hlutir til að nota með leirnum:
  - kökukefli og ólík form.
  - mismunandi stærðir af krukum og ílátum
  - tréprik, íspinnaprik eða rör
  - kökuform og muffinform
  - pottar, pönnur, diskar, skálar, hnífar, wokpanna, matprjónar
  - bollastell
  - skeljar, hnetur, könglar, laufblöð
  - svampar, málningarpenslar
  - skæri og hlutir til að klippa
  - hvítlauxpressa og sykurtangir
  - áhald til að gera kartöflumús
  - form til að frýsta klaka